

**Fundargerð 56. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu fimmtudaginn 15. apríl 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir og Guðjón Bragason.

Sævar Skaptason var fjarverandi.

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Sólrún Anna Jónsdóttir

Aðrir: Margrét Sæmundsdóttir frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og Björgvin Valdimarsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

**Á dagskrá fundarins var: Aukafjárveiting til verkefna sem tilbúin eru til framkvæmda - 2. vinnufundur**

Tilefni fundarins var að ræða tilhögun aukinna fjárveitinga sem til stendur að setja í framkvæmdir á ferðamannastöðum. Lögð er áhersla á framkvæmdir sem tilbúnar eru til framkvæmda.

Guðjón sagði frá tölvupósti sem hann sendi til sveitarfélaga og kallaði eftir hugmyndum að verkefnum. Svör hafa verið að berast, sum ítarleg með kostnaðaráætlunum og önnur sem innihalda minna skilgreindar hugmyndir. Anna hefur einnig haft samband við ferðaskipuleggendur til að fá ábendingar um staði sem eru undir miklu álagi. Hún reiknar með svörum í dag og næstu daga.

Albína ræddi um tegundir verkefna sem Framkvæmdasjóðurinn hefur styrkt t.d. náttúruvernd, þar sem brugðist er við sliti af völdum ferðamanna, grunnþjónustu t.d. salerni og þjónustuhús, húsavernd, menningarminjar, og öryggisframkvæmdir.

Rætt var um mikilvægi þess að skilgreina verkefnategundir og forgangsraða með tilliti til hvar verið er að slökkva elda. Álagsstaðir væru efst á lista en ekki mætti gleyma nýjum seglum.

Björgvin er kominn með lista yfir verkefni frá Umhverfisstofnun og ræddi hvort undanskilja ætti þau svæði þar sem sérstaklega er rukkað fyrir þjónustu t.d. vörusölu eða aðgang. Margir staðanna á listanum eru tilbúnir til framkvæmda strax í sumar. Björgvin mun senda drög að listanum á Framkvæmdasjóðinn. Einnig var rætt um starfsmannabreytingar hjá UST tengdar verkstjórn sjálfboðaliða og mögulega aukið framlag til landvörslu.

Fram kom að mikilvægt væri að fá Vegagerðina að málum þar sem forsendur framkvæmda væru vegagerð og/eða bílastæði.

**Nokkur verkefni voru rædd stuttlega:**

Goðafoss þar sem gert er ráð fyrir um 70 M kr. framkvæmdum á næstu þremur árum. Albína telur að með frekari stuðningi megi fara í brýnustu aðgerðir í sumar og enn fleiri strax næsta vor. Rætt var stuttlega hvort veita mætti stuðning til að fá ráðgjöf vegna skipulag framkvæmda þ.e.a.s. áætlanagerð og verkstýringu. Guðjón benti á að þetta gæti átt við um fleiri staði.

Hveravellir eru dæmi um verkefni þar sem ekki liggja fyrir heildarskipulag og/eða nákvæm framkvæmdagögn og því gæði verkefnis ekki tryggt. Einnig voru salernismál á ferðamannstöðum rædd út frá gæði framkvæmda annarsvegar og færانleika salerna hins vegar.

Djúpavogur: Guðjón ræddi um verkefni á Djúpavogi þar sem fjöldi manns er að missa vinnuna en þar eru verkefni tilbúin til framkvæmda.

Geysisvæðið var einnig rætt og Guðjón benti á að nú væri lag, í ljósi niðurstöðu um lögmæti lögbanns, að halda viðræðum við landeigendur áfram og stefna að sátt um þetta svæði svo fara megi í deiliskipulag og framkvæmdir.

Þingvellir voru ræddir og mun Margrét heyra í Fjármálaráðuneytinu vegna þess.

Skógafoſſ og Seljalandsfoſſ: Anna benti á að á mörgum ferðamannastöðum t.d. Skógafoſſi og Seljalandsfoſſi hefði ekki verið gert ráð fyrir vetrarferðamennsku og því þurfi að endurskoða kröfur til framkvæmda, t.d.

Mývatn: Rætt var um alvarlegt ástand á Mývatni, gjaltdöku og Hverarönd og ástand þess staðar. Þar hefur verið ályktað harkalega gegn gjaltdöku.

Árborg: Knarrósviti var ræddur sérstaklega sem dæmi um ferðamannastað þar sem menningarminjar eru aðal aðráttaraflíð.

Farið var yfir matsblað framkvæmdasjósins og Birni falið að vinna viðmiðunarmat fyrir þessa aukafjárveitingu. Athugasemdir við yfirferð:

- Gæði umsókna: Hér má koma fram hvort verkefnið sé tilbúið og nægjanlega gögn liggi fyrir. Ath. að ekki er um formlegt umsóknarform að ræða, heldur óformlega umsókn með nauðsynlegum gögnum.
- Forgangur: hér ætti að draga fram öryggispáttinn og breyta texta til að lenging ferðamannatímans og dreifing álags séu skýr. Einni má nefna grunnþjónustu t.d. salernisþjónustu.
- Sjálfbærni: Koma þarf fram hvernig er framkvæmd skilað til komandi kynslóða, og hver eru umhverfisleg, efnahagsleg og félagslega áhrif verkefnisins.
- X-factor: breytist í sérstaða. Áhersla á sérstöðu verkefnis og sérstöðu svæðis. Einnig sérstöðu staðarins innan landshlutans, lengingu ferðamannatímans og dreifingu álags.

Albína ræddi um framkvæmdasjóðinn og lagði fram eftirfarandi skiptingu á þeim verkefnum sem hefur verið sótt um styrk í:

- Náttúruvernd (stígagerð og skilti)
- Öryggismál (stígagerð og skilti)
- Álagsstaðir
- Útsýnisstaðir (sjálfsprottnir)
- Áningarstaðir
- Þjónustuhús og fjallaskálar
- Viðhald og rekstur á stöku stað

- Söfn og/eða safnasvæði
- Vegagerð (styrkir beint til hennar)
- Malbikun stíga og vega
- Brýr á gönguleiðum
- Húsavernd
- Bæjarfélög - ferðamannastaðir eða almenn þjónusta við bæjarbúa ?
- Afþreying (Zalibuna - Þríhnjúkagígur-Skiðasvæði)

Verkefni skiptast á eftirfarandi hátt eftir umsjón:

- Verkefni forsætisráðuneytis: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
- Verkefni umhverfisráðuneytis: Vatnajökulsþjóðgarður
- Verkefni Umhverfisstofnunar: Snæfellsjökulsþjóðgarður
- Verkefni Umhverfisstofnunar: Friðlýst svæði
- Verkefni Framkvæmdasjóðs: Umsóknir frá einkaaðilum og sveitarfélögum

Rætt var um að úthluta úr Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða í haust, en þá yrði auglýst eftir umsóknum strax í vor. Rætt var um mikilvægi þess að vera alltaf með tvær úthlutanir á ári og að umsækjendur í sjóðinn gætu reiknað með því árvist.

Skoða þarf hvort fjármunir eigi að fara í gegnum sjóðinn í þessari aukafjárveitingu og hvort nýta eig eftirlit sjóðsins við framkvæmdina.

Næsti fundur verður boðaður 16. apríl kl 08:30, en þá er um að ræða vinnufund stjórnar.

Fundi slitið kl. 10:05

Fundargerð ritaði Sólrún Anna Jónsdóttir

The image shows two handwritten signatures in blue ink. The top signature is "Sólrún Anna Jónsdóttir" and the bottom signature is "Gunnar Þorsteinsson".

